

Drög

AUGLÝSING
um
friðlýsingu Gálgahrauns í Garðabæ

1. gr.
Um friðlýsinguna.

Umhverfissráðherra hefur ákveðið í samræmi við Náttúruverndaráætlun 2004-2008 ásamt tillögu bæjarstjórnar Garðabæjar ákveðið að friðlýsa Gálgahraun í Garðabæ, alls um 1,08 km² (108 ha) sem friðland í samræmi við 1. tl. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

2. gr.
Markmið friðlýsingarinnar.

Markmiðið með friðlýsingu Gálgahrauns er að vernda nyrsta hluta Búrfellshrauns, þann hluta hraunsins sem runnið hefur í sjó fram, bæði vegna jarðmyndana og lífríkis. Verndargildi svæðisins byggir m.a. á því að verndarsvæðið í Gálgahrauni er á þessu svæði að mestu ósnortið. Þar sem hraunjaðarinn nær í sjó fram hefur rof máttur úthafsöldunnar hefur verið lítil í innvíkunum Arnarnesvogi og Lambhúsatjörn og hraunið því að mestu eins og þegar það rann. Forsendur friðlýsingarinnar eru jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar, en í hrauninu er m.a. forn gata, Fógetagata og forn aftökustaður, Gálgaklettur sem hraunið dregur nafn sitt af. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að varðveita Gálgahraun sem vettvang náttúruskoðunar og fræðslu um ókomna tíð.

3.gr.
Mörk hins friðlýsta svæðis.

Mörk hins friðlýsta svæðis er að norðanverðu frá eignarlandi Selskarðs, norðurströnd Gálgahrauns meðfram mörkum verndarsvæðis Skerjafjarðar að deiliskipulagssvæði Sjalandshverfis. Að austan og sunnanverðu eru mörkin veghelgunarsvæði Vífilsstaðavegar og Álftanesveggar samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 m.s.b. að landi Selskarðs.

Stærð svæðisins er 1,0815 km² (108,15 ha).

Mörkin eru sýnd á meðfylgjandi hnitsettum (ISN93) uppdrætti.

4. gr.
Umsjón með hinu friðlýsta svæði.

Umsjón og rekstur friðlandsins í Gálgahrauni skal vera í höndum Garðabæjar samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun sem umhverfisráðherra skal staðfesta. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir, landvörslu, fræðslu og móttöku ferðamanna. Umhverfisstofnun skal í samvinnu við Garðabæ sjá um gerð verndaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og skapa skilyrði til náttúrulegrar endurnýjunar staðargróðurs með það að markmiði að ekki verði raskað líffræðilegri fjölbreytni svæðisins. Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu þ.m.t. rækta framandi plöntutegundir í friðlandinu sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Ekki er gert ráð fyrir gróðursetningu trjáplantna eða notkunar áburðar á hraunsvæðum í friðlandinu óheimilt er að trufla dýralíf.

6. gr.

Verndun jarðmyndana.

Allt jarðrask á jarðmyndunum þ.m.t. hraunmyndunum er óheimilt í friðlandinu. Allar framkvæmdir sem heimilaðar verða skv. 11. gr. þessarrar auglýsingar skulu miðast við að halda markmiðum friðlýsingarinnar og vernda jarðmyndanir.

7. gr.

Verndun menningarminja.

Verndun menningarminja í friðlandinu, svo sem Gálgakletts og Fógetagötu er samræmi við þjóðminjalög, nr. 107/2001.

8. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Leyfi Umhverfisstofnunar og Garðabæjar þarf til framkvæmda í friðlandinu þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Þó er, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, heimilar nauðsynlegar aðgerðir til verndar svæðisins, náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu, t.d. lagning stíga, uppsetning fræðsluskilta og annanr búnaður í þágu útivistar þar sem því verður viðkomið.

Í verndaráætlun er nánari útfærsla á framkvæmdum innan friðlandsins í þágu útivistar og fræðslu sett fram.

Áður en ráðist verður í mannvirkjagerð innan friðlandsins skal deiliskipuleggja fyrirhugað framkvæmdasvæði.

9. gr.

Umferð í friðlandinu.

Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil í friðlandinu. Almenningsi er heimil för um friðlandið í lögmætum tilgangi og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Lausaganga hunda er bönnuð í friðlandinu.

10. gr.

Notkun skotvopna.

Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til eyðingar á dýrum sem valda tjóni, en þó ætíð í samræmi við verndaráætlun og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

11. gr.

Undanþágur.

Umhverfissráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Garðabæjar, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum ef brýna nauðsyn ber til.

12. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglum 5.-8. gr. auglýsingar þessarar varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

13. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2009.